



Þekking og færni - Virðing og vellíðan

Kennari: Anna Lauga Pálsdóttir, Bryndís Hrund Brynjólfsdóttir og Lilja Bjarnadóttir

Bekkur: 4.

Tímafjöldi: 1

Kennslufyrirkomulag: Bekkjarkennsla og stöðvakennsla

Enska

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í erlendum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmuna þroska nemenda, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum. Meginmarkmið náms í erlendum tungumálum í grunnskóla er að nemendur geti notfært sér kunnáttu sína til að afla sér þekkingar, eiga samskiptum við erlenda aðila og geta miðlað upplýsingum um sig og umhverfi sitt. Samstarf milli landa eykst stöðugt og er kunnátta í ensku mikilvægur þáttur að fræðslu, námi og atvinnutækifærum.



Þekking og færni - Virðing og vellíðan

Enska

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: Að nemendur:	Leiðir:
Hlustun		Skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum. Fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. Fylgst með einföldu efni í myndmiðlum og úr heimi dægurmenningar sem er kunnuglegt úr heimi barna og unglinga og greint frá því helsta.	
Lesskilningur		Skilið megininntak í stuttum einföldum frásögnum dagblaða, tímarita og netmiðla með stuðningi, t.d. af myndum. Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.	
Samskipti		Spurt og svarað á einfaldan hátt um það sem stendur honum næst. Tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar.	
Frásögn		Sagt frá eða lýst sjálfum sér, vinum, fjölskyldu, áhugamálum og nánasta umhverfi á einfaldan hátt.	
Ritun		Lýst í einföldu máli því sem næst honum er, fjölskyldu, áhugamálum, vinum og umhverfi.	

Námsmat:	Námsframvinda og hæfni nemenda metin jafnóðum yfir skólaárið.
----------	---

Námsmat Dalvíkurskóla fer fram með leiðsagnar- og símati. Lögð er áhersla á að nemendur séu sífellt að bæta við sig þekkingu og leikni og öðlist þannig ákveðna færni. Tekið er mið af Aðalnámsskrá grunnskóla í öllum greinum. Fyrir lokið verkefni er ekki gefin einkunn heldur er lagt mat á hæfni nemandans og gefið fyrir stöðuna í þeim hæfniviðmiðum sem liggja til grundvallar verkefninu. Til þess að meta hvert hæfniviðmið fyrir sig er notast við hæfnitákn sem má sjá hér til hliðar.

- Framúrskarandi: ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði og sýnt getu umfram þá hæfni sem viðmiðið setur
- Hæfni náð: ef nemandi hefur náð hæfniviðmiði
- Á góðri leið: ef nemandi er nálægt því að ná hæfniviðmiði en enn vantar þó aðeins upp á
- Þarfnast þjálfunar: ef nemandi þarfnast frekari þjálfunar til að ná hæfniviðmiði

	Framúrskarandi
	Hæfni náð
	Á góðri leið
	Þarfnast þjálfunar
	Hæfni ekki náð